

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999

MSDS No. 26134



RAIN-X FOAM GLASS CLEANER

RAIN-X

Innihald:

1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.

Söluheiti: Rain-X Foam Glass Cleaner

Notkun: Gler-skúm-hreinsiefni

Vörunr. framleiðanda: 83199500

Vörunr. BN: 67-83199500

Dreifing: Bilanaust hf. Reykjavík

Framleiðandi: Sopus Products

P.O. Box. 4427. Houston, TX 77210-4427. U.S.A.

Neyðarsími framleiðanda: (00) 1-800-546-6040

Aðstoð v/öryggislb. Sími og fax: (00)1-800-546-6227

Uppl. og tæknaðstoð: (00)800-416-1600

Veffang v/öryggislb. www.MSDS.PZLQS.com

Sími Neyðarlinu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: 112

Sími Eitrunarmiðstöðvar Landsspítala HS: 543 2222

1. Söluheiti
2. Samsetning
3. Aðvörun
4. Skyndihjálp
5. Eldsvoði
6. Efnaleki
7. Meðhöndlun
8. Hlíðarbúnaður
9. Efnæiginleikar
10. Áhrifavaldar
11. Eiturfræði
12. Umhverfismál
13. Förgun
14. Flutningur
15. Lög og reglur
16. Annað

2. Samsetning efnis - upplýsingar um innihald. (samkv. 67/548/EEC)

CAS-nr.	EB-nr.	Efnæheiti.	Styrkur %	Hættufl.	Hættusetningar
		Vatn	80,0-90,0		
111-76-2	203-905-0	bútýlglykól	5,0-10,0	Xn	20/21/22-36/38
106-97-8	203-448-7	bútan	1,0-10,0	Fx, T	45-46-12
74-98-6	200-827-9	própan	1,0-10,0	Fx	12

3. Skilgreining hættu

- Getur ert húð og augu
- Efni undir þrýstingi á úðabrúsa. Snerting getur ert augu.
- Eldfimt

Augu: Forðist snertingu við augu. Getur valdið ertingu við beina snertingu. Úði getur valdið tímabundinni ertingu í augum, áhrif sem hverfa.

Húð: Efnið er ekki líklegt til að valda ertingu eða skaða við venjulega notkun. Forðist ítrekaða og/eða lengri tíma snertingu sem getur valdið þornun og sprungum í húð.

Innöndun: Efnið er ekki líklegt til að valda skaða við venjulega/eðlilega notkun þess. Sterkmettuð gufa af efninu (úði) gæti valdið vægri ertingu í nefi og öndunarvegi. Óeðlileg innöndun mikils magns getur valdið ertingu í öndunarvegi.

Inntaka: Inntaka úðaefnis er ólíkleg.

Ath. Þorni húð um of getur vörn gegn öðrum utanaðkomandi efnum rýrnað og leitt til óþæginda, ofnæmis og sýkingar.

4. Skyndihjálp.

Almennt:

Snerting við augu: Skolið strax með miklu vatni í um 15 mín. eða þar til óþægindi

Framhald á bls. 2

	hverfa. Hverfi óþægindi ekki skal leita læknis.
Snerting við húð:	Þvoið snertisvæði rækilega með vatni og sápu. Verði vart roða eða ertingar sem ekki dofna/hverfur skal leita læknis. Mælt er með notkun varnarkrems til að tryggja rakastig húðar.
Við innöndun:	Sýni viðkomandi merki eitrunar eftir innöndun skal flytja hann í ferskt loft.
Við inntöku	Inntaka er afar ólíkleg þegar efni á úðabrúsa á í hlut. Úðist efnið inn í munnhol fyrir slysi mun það ekki hafa neina skaðlega verkun. Engra ráðstafana er því þörf við venjulegar aðstæður.
Frekari einkenni:	Engar frekari upplýsingar fyrir hendi.
Annað:	Engar frekari upplýsingar fyrir hendi.

5. Eldsvoði: Slökkvun.

Slökkviefni - aðferð: Nota skal vatnsúða, þurrduft, froðu eða kolsýru.

Athugið: Úðabrúasar geta sprungið við hitnun. Nota skal vatn til að kæla umbúðir/ílát sem eru á eða nærri eldstað og til varnar starfsfólki við að hefta frekari útbreiðslu elds.

Óvenjulegar aðstæður við bruna: Hætta getur skapast vegna úðabrúsa sem springa vegna hita. Verjið ílát gegn sólargeislum og varnið því að þau nái að hitna umfram 50 °C. Brennið ekki eða stingið gat á úðabrúsa jafnvel þótt teljist tæmdur.

Hættuleg niðurbrotsefni: Kolmónoxíð, koldíoxíð og önnur oxíð myndast við bruna og geta orðið hættuleg í miklu magni.

Annað: Engar frekari upplýsingar.

6. Efnaleki.

Til varnar starfsmönnum: Fara skal að fyrirmælum í gr. 7 og 8. Gangið úr skugga um að ekki sé hætta á íkveikju. Loftræstið staðinn. Forðist innöndun gufu.

Til varnar umhverfi: Komið í veg fyrir að efnið renni í niðurföll eða út í vatnskerfi. Nái efnið að renna í niðurföll skal gera viðkomandi tæknistofnun sveitarfélags viðvart án tafar. Nái efnið að renna út í læki eða vatnakerfi skal gera Hollustuvernd strax viðvart.

Uppsöfnun - þrif: Notið óeldfimt uppsöfnunarefni til að binda spilliefnið, t.d. sand, mold, vikursalla eða kísilgúr. Notið þétt ílát sem hægt er að loka og fargið í samráði við Heilbrigðiseftirlit sé magn umtalsvert. Þrifið með vatni/hreinsiefni/sápu.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Kynnið ykkur öryggisreglur sem gilda á viðkomandi vinnustað og fylgið þeim. (Mengunarmörk er að finna í reglum nr. 154/1999 frá Vinnueftirliti ríkisins.)

Til að tryggja örugga meðhöndlun: Gerið ráðstafanir til að eldfim og/eða sprengifim gufa nái ekki að myndast á geymslustað. Beitið loftræstingu þannig að þétting gufu nái ekki uppgefnum mengunarmörkum.

Meðhöndlun: Efni á úðabrúsum undir þrýstingi getur sprungið sé það nærri hitagjafa og/eða opnum eldi. Varúð! Stingið ekki gat á úðabrúsa eða fleygið á eld.

Geymið ekki efnið við hærra hitastig en 49 °C.

8. Persónuhlífar - forvarnir.

Ráðstafanir: Tryggið virka loftræstingu með útsogi þannig að loftskipti séu nægileg. Þegar metun andrúmslofts er umfram mengunarmörk skal nota öndunargrímur.

Mengunarmörk:

CAS Nr.

	Áhættuflokkur	Mörk ml/m ³ (ppm)	mg/m³
Bútýlglykól			
111-76-2	OSHA-PEL ACGIH-TLV: TWA	50 25	
Bútan			
106-97-8	ACGIH-TLV:TWA	800	
Própan			
74-98-6	OSHA-PEL: TWA	1000	

Til viðbótar mengunarmörkum samkvæmt tilskipun 2000/39/EC skal taka mið af þeim mörkum sem íslensk lög og reglugerðir kunna að tiltaka fyrir þau efni sem skráð eru í kafla nr. 2.

Persónuhlífar:

Allar persónuhlífar, þ.m.t. ferskloftsbúnaður, sem notaður er til að tryggja öryggi fólks við meðhöndlun og notkun hættulegra efna skal velja samkvæmt fyrirætlunum í gildandi reglugerðum Vinnueftirlits ríkisins og einungis búnað sem samþykktur er af Vinnueftirliti.

Augu: Andlitshlíf eða hlífðargleraugu er ekki þörf fyrir í venjulegri notkun þessa efnis. Sé hætta talin á að efnið geti úðast í andlit skal nota andlitshlíf.

Húð: Vörn er ekki nauðsynlegt við venjulega notkun efnisins. Þvoið fatnað sem mettast hefur af efninu.

Öndun: Öndunarbúnaður er ónauðsynlegur við venjulega notkun. Sjá nr. 3 (innöndun).

Annað: Neytið hvorki matar né drykkjar á verkstað. Þvoið alltaf hendur og andlit með sápuvatni á undan neyslu matar, drykkjar eða reykingum.

Framhald á bls. 4

Ráðstafanir: Við venjulega/eðlilega notkun þessa efnis er venjuleg loftræsting nægileg. Virk loftræsting varnar því að gufa geti náð að mettast umfram mengunarmörk.

Annað: Á ekki við.

Eftirlit gagnvart umhverfi: Sjá kafla 7 og 12.

9. Eðlis- og efnaeiginleikar.

Form/útlit/lykt: Úði, litlaus, blómaangan

Sýrustig (pH): 10,5

Suðumark: mínus 42,2 - mínus 204,4 °C

Blossamark:

Sjálfkveikimörk:

Sprengimörk: 12,7% efri, 1,1 % neðri.

Gufuþrýstingur:

Gufuþéttni:

Seigja:

Rúmpyngd við 20°C: 950 g/cm³

Uppleysanleiki: Uppleysanlegt í vatni

Leysiefnainnihald:

10. Áhrifavaldar (stöðugleiki).

Stöðugleiki: Efnið er stöðugt við eðlilegar aðstæður.

Aðstæður sem ber að forðast: Haldið fjarri hita, neistum, opnum eldi og öðrum neista- og eldvökum.

Andstæð efni sem ber að forðast: Efnið getur hverfst með sterkum oxunarefnum,

Annað: Á ekki við.

11. Eiturfræðileg atriði.

Engar upplýsingar eru um eitrunaráhrif af völdum þessa efnis.

Snerting við húð:

Snerting við augu:

Við inntöku:

Bráð eitrun:

Krabbameinsvaldur:

Lengri tíma áhrif:

Fóstur:

Frjósemi:

Ónæmi:

Miðtaugakerfi:

Annað:

12. Skaðsemi gagnvart umhverfi.

Engar upplýsingar eru um umhverfisskaðleg áhrif af völdum þessa efnis.

Virkni í umhverfi:

Líffræðileg áhrif:

Vistfræðileg áhrif:

Vatnalífríki:

Annað:

13. Förgun.

Afgang og tæmd ílát/umbúðir skal fara með sem spilliefni og farga samkvæmt gildandi lögum og reglum Umhverfisstofnunar/viðkomandi heilbrigðiseftirlits um förgun. Þessar leiðbeiningar um förgun skal hafa til hliðsjónar. **Ávallt skal fara að íslenskum lögum og reglum eftirlitsstofnunar viðkomandi sveitarfélags um meðferð og förgun spilliefnis.**

Notuð ílát: Mælt er með því að tæmd ílát/umbúðir séu endurunnar eða meðhöndlaðar til endurnotkunar. Ílát sem innihalda afgang skal fara með sem spilliefni og farga hjá spilliefnamóttöku og í samráði við starfsmenn hennar.

14. Flutningur. Staðall/reglur

A landi: UN 1263, efni á úðabrúsa, 3, III, ADR/RID

Spec. Provision 640 E.

Nr. hættuflokks: 30

Á sjó: UN 1263, efni á úðabrúsa, 3, III, EMS: F-E, S-E

Mengunarefni í sjó

Í lofti: UN 1263, efni á úðasbrúsa, 3, III

Önnur atriði:

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. EEC.

Varnaðarmerking: Eldfimt

Úðabrúsi, ílát undir þrýstingi. Verjið gegn sólargeislum og hitun umfram 50 °C.

Stingið ekki gat á ílátið eða kastið á eld - jafnvel þótt það teljist tæmt.

H-setningar:

V-setningar: V2 Geymist þar sem börn ná ekki til.

Íslensk lög eða reglur sem gilda um þessa ákveðnu vöru:

Reglugerð um flokkun eiturefna nr. 236/1990

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999.

Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum nr. 765/2001.

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980

Reglur um mengunarmörk og aðg. til að draga úr mengun á vinnustöðum nr. 154/1999.

Reglur um eldvarnir.

16. Aðrar upplýsingar.

Þessar Öryggisleiðbeiningar eru unnar samkvæmt ES tilskipun 91/155/EEC og síðari breytingu með tilskipun 2001/58/EC.

Texti hættusetninga fyrir efnin sem skráð eru í kafla 2:

H20/21/22 Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.

36/38 Ertir augu og húð.

H45 Getur valdið krabbameini.

H46 Getur valdið arfgengum skaða

H12 Afar eldfimt

Upplýsingarnar í þessum öryggisleiðbeiningum eru byggðar á þeirri þekkingu sem var fyrir hendi þegar þær voru gefnar út og gildandi lögum og reglugerðum EEC og viðkomandi landslögum. Efnið skal ekki nota til annars en þess sem tiltekið er í kafla 1 nema að áðurfengnum prentuðum leiðbeiningum. Það er alltaf á ábyrgð notanda að kynna sér og virða gildandi reglur og lög um meðferð viðkomandi efnis þar sem hann hyggst nota það (land/vinnustaður). Upplýsingarnar í þessum öryggisleiðbeiningum ber að skilja sem ábendingar um öryggiskröfur við notkun þessa ákveðna efnis - en ber ekki að skilja, túlka eða ganga út frá sem tryggingu né yfirlýsingu um ákveðna tæknilega eiginleika eða hegðun viðkomandi efnis.

Dagsetning útgáfu á ensku: 23. okt. 2003. Endursk. frá sama degi.

Frumheimild: Sopus Products MSDS No. 26134.

P.O. Box 4427, Houston, Texas 77210-4427. USA.

Þýðing, uppsetning, textavinnsla:

Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélataeknifræðingur Reykjanesbæ.

Útgáfa ísl. þýðingar: Bílanaust hf. Borgartúni 26. 105 Reykjavík. Mars 2005